



## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ráðuneyti og ríkisstofnanir

Amarhvoll 150 Reykjavík  
kennitala: 550169 - 2829  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: [postur@fjr.stjr.is](mailto:postur@fjr.stjr.is)  
veffang: <http://www.raduneyti.is/fjr>

Reykjavík, 23. febrúar 2000  
Tilvísun: FJR00020152/230-4/SVÁ/--

Af gefnu tilefni sendast hér með upplýsingar um þær reglur sem gilda um laun og frítökurétt starfsmanna þegar óveður og/eða ófærð hamla vinnusókn. Ástandið skapast af ytri aðstæðum sem hvorki starfsmaður né vinnuveitandi ráða við (Force majeure). Undir slíkum kringumstæðum er bæði um að ræða starfsmenn sem komast ekki til starfa og starfsmenn sem komast ekki heim að afloknu starfi og annað hvort bíða þar eða vinna áfram þar til einhver kemst til að leysa þá af hólmi. Síðara tilvikið á einkum við um sólarhringsvaktavinnu. Hér verða virk ákvæði b.-liðar 13. gr. samnings um skipulag vinnutíma frá 23. janúar 1997.

### *1. Starfsmaður kemst ekki til vinnu.*

Almenna reglan er sú að starfsmaður sem ekki mætir til starfa af völdum ófærðar, er launalaus eða vinnur daginn/vaktina af sér síðar. Hafi almenn ófærð ríkt á viðkomandi svæði og þeir starfsmenn sem í hlut eiga, gert sitt ítrasta til að komast til vinnu eða komið strax og t.d. strætisvagnaleiðir opnuðust, vill ráðuneytið hér með beina því til stofnana að dagvinnulaun hlutaðeigandi starfsmanna verði ekki skert vegna slíkra fjarvista. Önnur laun en dagvinnulaun falla að sjálfsögðu niður, þannig greiðast hvorki vaktaálag né yfirvinna ef t.d. um aukavakt/yfirvinnu /útkall hefur verið að ræða.

### *2. Starfsmaður kemst ekki heim, starfsdegi er lokið eða hann kys ekki eða ekki er þörf á að hann vinni áfram.*

Réttur til launa og frítökuréttur skapast ekki þegar starfsmaður kemst ekki frá vinnustað eða teppist á heimleið vegna ófærðar. Sé um vaktavinnu að ræða og næsta vakt starfsmanns er 8 klst. síðar, á starfsmaður hvorki hvíldar- né frítökurétt þótt hann dvelji áfram á vinnustað eða komist seint heim vegna ófærðar.

3. Starfsmaður kemst ekki heim og vinnur áfram næstu vakt vegna þess að enginn er til að leysa hann af eða starfsmaður er beðinn að vinna áfram næstu vakt af sömu ástæðum.

Í þessum tilvikum getur verið um að ræða:

3.1 Forstöðumaður ákveður að breyta vaktskrá þannig að starfsmaður vinnur 2 vaktir í röð en vakt sem hann hefði átt að vinna síðar, er unnin af þeim starfsmanni sem ekki komst á sína vakt. Dæmi: Starfsmaður vinnur kvöldvakt og svo næturvakt í stað dagvaktar en sá sem átti að vinna næturvaktina, vinnur dagvaktina í staðinn. Starfsmenn fá aukagreiðslur skv. ákvæðum um breytingar á vaktskrá með skömmum fyrirvara. Vaktaálag greiðist eins og unnið er en ekki eins og hefði átt að vinna. Fritökuréttur skapast ekki en starfsmaðurinn á rétt á samsvarandi hvíld í staðinn sbr. c.-lið 13. gr.

3.2 Ef ekki er notuð heimild til breytinga á vaktskrá, greiðist fyrir viðbótarvaktina eins og um venjulega aukavakt sé að ræða. Um fritökurétt er þó ekki að ræða.

F.h.r.